

## Erindisbréf

### Skipan nefndar:

Menja von Schmalensee, formaður, skipaður án tilnefningar.  
Páll Hersteinsson, skipaður án tilnefningar.  
Hólmfríður Arnardóttir, skipuð án tilnefningar.  
Fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands, *Kristinn Haukur Skarphéðinsson*.  
Fulltrúi Umhverfisstofnunar, *Hildur Vésteinsdóttir*.  
Fulltrúi Skotvís, *Sigmar B. Hauksson*.  
Fulltrúi frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar, *Tómas Grétar Gunnarsson*.  
Fulltrúi Dýralæknafélag Íslands, *Auður Lilja Arnþórsdóttir*.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum nr. 64/1994, tóku gildi fyrir 16 árum. Markmið laganna er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og nýtingu dýra, svo og skipulag á aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda. Umhverfisráðherra hefur yfirumsjón með aðgerðum er varða vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum sbr. III. kafla laganna.

Umhverfisráðherra hefur fengið ábendingar um að endurskoða þurfi löggjöfina sérstaklega í ljósi breyttra aðstæðna frá því að lögin tóku gildi árið 1994 og þeirra mörgu breytinga sem gerðar hafa verið á lögunum. Ísland hefur staðfest ýmsa alþjóðlega samninga sem lúta að verndun dýra og búsvæða þeirra og kalla sumir þessir samningar á breytingar í íslenskri löggjöf auk þess sem tilskipanir Evrópusambandsins fara fram á að lagaumhverfið sé skoðað. Sem dæmi má nefna NATURA 2000 og fuglatilskipun ESB en þessar tilskipanir kalla á ákveðnar breytingar í íslensku lagaumhverfi.

Stefna ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum byggir á meginreglum umhverfisréttar. Sérstök áhersla er lögð á náttúruvernd og að staða hennar innan stjórnarráðsins verði styrkt til muna.

Hlutverk nefndarinnar er að varpar skýru ljósi á lagalega stöðu villtra spendýra og fugla á Íslandi, m.a. með tilliti til dýraverndarsjónarmiða og leggja fram tillögur um úrbætur með það að leiðarljósi að uppfylla markmið gildandi laga og þeirra alþjóðlegu samninga sem Ísland er aðili að og varða verndun villtra spendýra og fugla. Vinna nefndarinnar einskorðast ekki einungis við að rýna framkvæmd laga nr. 64/1994, heldur skal nefndin einnig taka til skoðunar vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, þar með talið selum og hvölum, í stóru samhengi. Þá skal nefndin einnig skoða með hvaða hætti dýravernd þessara dýra verður best fyrirkomið. Nefndin mun því einnig þurfa að skoða önnur lög er tengjast viðfangsefninu eftir því sem ástæða þykir til.

Lögð er áhersla á að nefndin hafi víðtækt samráð við þá aðila sem koma að þessum málaflokki, hvort heldur er með einstaka fundum eða með skipan bakhópa um ákveðin verkefni.

### Tímasetning/skil:

Starfshópurinn skal skila lokaskýrslu til umhverfisráðherra 15. mars 2011.